

L Ö G

um breyting á lögum nr. 49 29. apríl 1967, um skólakostnað.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 1. málsg. 29. gr. laganna komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Rekstrarkostnaði héraðsskóla, sem reistir hafa verið af ríki og sveitarfélögum og ekki hafa verið afhentir samkvæmt lögum nr. 34 18. apríl 1962, skal, ef hlutað-eigandi sveitarfélög óska, skipta eftir ákvæðum laga nr. 41 17. maí 1955, og gilda ákvæði þeirra laga um rekstrarkostnað einnig fyrir skólaárið 1968—1969.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 19. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 60/1957, um Háskóla Íslands.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 37. gr. laganna komi ný málsgrein, svofelld:

Stofna skal við Háskóla Íslands prófessorsembætti í ættfræði, sem tengt sé við nafn Einars Bjarnasonar, ríkisendurskoðanda. Prófessorinn skal taka við störfum æviskrárritara samkv. lögum nr. 30 24. marz 1956, eftir því sem nánar verður fyrir mælt af menntamálaráðuneytinu, að fenginni umsögn háskólaráðs. Hann flytur fyrirlestra við háskólann og hefur þar á hendi kennslu samkv. því, er háskólaráð ákveður, sbr. 18. gr. laga nr. 60/1957. Prófessorinn á sæti í lagadeild. Ákvæði 13. gr. laga nr. 38 14. apríl 1954, um aldurshámark starfsmanna ríkisins, eiga við embætti þetta.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 19. maí 1969.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gylfi P. Gíslason.